

# Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

10. fundur, föstudaginn 29. ágúst 2008, klukkan 9.00  
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15, Reykjavík.

*Mætt:* Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir og Freysteinn Sigurðsson  
*Forföll:* Hjörleifur B. Kvaran, Guðni A. Jóhannesson, Stefán Arnórsson, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir

*Starfsmaður verkefnisstjórnar:* Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir, deildarsérfræðingur í iðnaðarráðuneyti.

## Dagskrá:

### 1. Drög að dagskrá vetrarins

Formaður lagði fram eftirfarandi drög að dagskrá haustsins.

**Fundir í verkefnisstjórn:** 29. ágúst, 5. sept. 3. okt. á Akureyri, 17. okt. 21. nóv. 12. des.  
Samþykkt var að stefna að því að skipan í alla faghópa yrði í höfn 17. okt.

**Samráðsfundir með hagsmunaaðilum í Reykjavík:**

5., 8. og 9. sept. í Reykjavík,

**Fundir utan Reykjavíkur:**

18. sept. SSV í Sælingsdal, kynning.

19. sept. SSVN á Siglufirði, kynning.

3. okt. Eyþing á Akureyri, kynning. Ath. fundi með Norðurorku og SUNN. Stjórnarfundur.

23. okt. SASS á Hvolsvelli, kynning.

Fjórðungssamband Vestfirðinga er með sitt þing 5. og 6. sept. Spurning að fara á Ísafjörð þegar þau eru með stjórnarfund þar í sept. eða okt. og hitta þá í leiðinni fulltrúa Orkubús Vestfjarða og Náttúruverndarsamtaka Vestfjarða. Þau hafa lagt til 39. eða 40. viku.

12. 13. og 14. nóv. gætu e.t.v. einnig orðið fundir með fulltrúum sveitarstjórna en þá er fjármálaráðstefna sveitarfélaga í Reykjavík. SSA (Austurland) vill líklega reyna að hitta á okkur þá. Engin viðbrögð hafa komið frá SSH (höfuðborgarsvæðið). Einnig var ætlunin að auglýsa þannig að aðilar sem ekki fengu bréf gætu fengið tíma. Samþykkt að stefna að 14. okt. e. hádegi og 17. okt. e. hádegi.

Spurning um aðra fundi en ákveðið að bíða með það þar til síðar.

### 2. Staða verkefna

Lögð voru fram minnisblöð dagsett 28. ágúst um stöðu verkefna Náttúrufræðistofnunar; frá Ásrúnu Elmarsdóttur og Olgu Kolbrúnu Vilmundardóttur um verndargildi háhitasvæða og frá Kristjáni Jónassyni og Sigmundi Einarssyni um jarðminjar á háhitasvæðum. Fram kemur að stefnt er að því að ljúka þessum verkefnum á fyrri hluta árs 2009. Frekari upplýsingar um stöðu verkefna verða kynntar verkefnisstjórn þegar þær berast.

### 3. Samráð við hagsmunaaðila

Í drögum að dagskrá haustsins er farið yfir það fundaplan sem fyrir liggur. Lagt var fram yfirlit yfir samráðsfundi 5., 8. og 9. sept.

Samþykkt var að setja niður lykilsurningar til að leggja fyrir þá sem eru að koma á þessa fundi þannig að skýr svör fáið fyrir verkefnisstjórn um viðhorf hagsmunaaðila.

Rætt var um áhuga Vestfirðinga og iðnaðarráðherra á að virkjanakostir á Vestfjörðum yrðu teknir til mats. Reikna má með að það komi til frekari umræðu þegar fundar verður með fulltrúum Orkubús Vestfjarða.

Rætt var um hvernig farið yrði með þau svæði sem ríkisstjórnin tók til hliðar skv. stjórnarsáttmála og ekki má rannsaka nema þá með yfirborðsrannsóknum. Ýmis gögn eru til um þessi svæði og var það álit stjórnar að þau yrðu að vera með í mati en yrðu sérmerkt sem svæði þar sem takmarkaðar rannsóknir hefðu farið fram.

#### **4. Um faghópa**

Tillaga formanns er að fjölga ekki þeim faghópum sem vinna lokatillögur, þ.e. sömu hópar og í 1. áfanga. Hinsvegar væri í einhverjum tilfellum gagnlegt að hafa sérstaka undirhópa um tiltekin efni sem þarfnast ákveðinnar sérþekkingar sbr. háhitahópin sem mun væntanlega skila niðurstöðum sínum til hóps IV og landslagshóp, en niðurstöður hans verði væntanlega hluti af niðurstöðum faghóps I.

Ákveðið að halda því opnu hvort 5 eða 7 verða í hópi og láta það m.a. ráðast af samsetningu hópsins.

Kristín Linda telur mikilvægt að meðferð útblásturs, CO<sub>2</sub>, verði tekinn inn í matið.

Fram kom áhugi á því að faghópur III verði staðsettur á Akureyri, enda sé mikil þekking á byggðamálum og áhrifum stórframkvæmda fyrir hendi þar þar sem sérfræðingar hjá RHA hafi haldið utanum rannsóknir á samfélagslegum áhrifum virkjunar og álvers á Austurlandi. Þá var farið yfir það að Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, ÍSOR, Umhverfisstofnun og Fornleifar ríkisins eru allar með útibú á Akureyri.

#### **5. Önnur mál**

Engin önnur mál voru tekin upp á fundinum.

#### **6 Næsti fundur**

Kristín Linda óskar eftir að fundur stjórnarinnar sem á að vera á undan samráðsfundum hinn 5.sept. sem hefjast kl. 13, verði tengdur við hinn. Samþykkt að sá fundur hefjist kl. 11.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 10.40

*Lagt fram á fundinum:*

- Drög að dagskrá haustsins 2008
- Dagskrá samráðsfunda í Reykjavík 5., 8. og 9. sept.
- Minnisblöð dagsett 28. ágúst um stöðu verkefna Náttúrufræðistofnunar; frá Ásrúnu Elmarsdóttur og Olgu Kolbrúnu Vilmundardóttur um verndargildi háhitasvæða og frá Kristjáni Jónassyni og Sigmundi Einarssyni um jarðminjar á háhitasvæðum.